

**Fundargerð**  
**31. aðalfundar**  
**SORPSTÖÐVAR SUÐURLANDS bs.**  
haldinn 18. október 2012  
á Hellu

## 1. Setning

**Gunnar Egilsson formaður** opnaði fundinn.

## 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður tilnefndi Gunnstein R. Ómarsson og Guðfinnu Þorvaldsdóttur sem fundarstjóra og Gunnar Aron Ólason sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Gunnsteinn R. Ómarsson bauð fundargesti velkomna og fór yfir praktísk atriði.

## 3. Kosning starfsnefnda ársþingsins

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SASS að kjörbréfanefnd :

### Kjörbréfanefnd

#### Aðalmenn

Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður  
Aldís Hafsteinsdóttir varaformaður  
Ari Björn Thorarensen  
Ásgrímur Ingólfsson  
Drífa Kristjánsdóttir

Rangárþingi eystra  
Hveragerðisbæ  
Sveitarfélaginu Árborg  
Sveitarfélaginu Hornafirði  
Bláskógabyggð

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók Kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa

## 4. Skýrsla stjórnar

**Gunnar Egilsson** flutti skýrslu stjórnar.

## 5. Skýrsla framkvæmdastjóra

**Guðmundur Tryggvi Ólafsson** fór yfir starfsárið.

## 6. Lögmæti fundar

**Ísólfur Gylfi Pálmason**, formaður kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 9 en gild kjörbréf eru fyrir 9 fulltrúa. Alls eru 9 aðalfulltrúar mættir, 0 varamenn og 0 fjarverandi.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

## 7. Afgreiðslumál.

a) **Ársskýrsla SOS** – Guðmundur fór yfir ársskýrsluna.

b) **Endurskoðaðir reikningar 2011,**

c) **tillaga að fjárhagsáætlun 2013,**

d) **tillaga að gjaldskrá**

– Guðmundur fór yfir reikninga, tillögu að fjárhagsáætlun og tillögu að gjaldskrá. Opnað var fyrir umræður. Sveinn Steinarsson tók til máls um og spurði um framtíðarsýn SOS og Sorpu. Guðmundur svaraði fyrirspurninni og nefndi svæðisáætlun þar sem lýsing er á málum. Ræddi um lífrænan úrgang og mögulega úrlausnir í þeim málum, gas- og jarðgerðarstöð. Borið undir atkvæði fundar. Samþykkt.

e) **Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum**

Engar tillögur.

## 8. Almennar umræður

**9. Afgreiðsla á tillögum c, d og e.**

Samþykkt.

**10. Kosningar**

**i. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara**

Formaður kjörstjórnar leggur fram tillögu að stjórn:

**Aðalmenn:** Gunnar Egilsson, Aðalsteinn Sveinsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ari B. Thorarensen. **Varamenn:** Sveinn Steinarsson, Gunnsteinn R. Ómarsson, Eyþór Arnalds, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Margrét Sigurðardóttir.

Samþykkt.

**ii. Tveir skoðunarmenn ársreikninga og 2 til vara.**

Lagt til að sömu skoðunarmenn verði áfram.

**Aðalmenn**

Guðmundur Þór Guðjónsson Hveragerði  
Drífa Kristjánsdóttir Bláskógabyggð.

**Varamenn**

Egill Sigurðarson  
Sandra Dís Hafþórsdóttir

Samþykkt.

Formaður stjórnar þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og bauð nýja stjórnarmenn velkomna.

Fundi slitið kl. 16.20.